



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2019

R19020230

1311

Borgarráð

Tillaga að ráðningu í stöðu sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki að ráða Lóu Birnu Birgisdóttur í starf sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar en hún var metin hæfust til þess af ráðgefandi hæfnisnefnd sem skipuð var af borgarráði þann 7. mars 2019.

Greinargerð:

Starf sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfis hjá Reykjavíkurborg var auglýst laust til umsóknar í byrjun mars 2019. Umsóknarfrestur var til og með 25. mars 2019. Tólf umsóknir bárust. Þrír umsækjendur dró umsókn sína til baka strax eftir að umsóknarfresti lauk. Unnið var úr þeim 9 umsóknum sem eftir stóðu. Í samræmi við b. lið 3. gr. reglna frá 24. janúar 2019, um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöðum var skipuð ráðgefandi hæfnisnefnd. Hæfnisnefndina skipaði Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Landspítalans, sem jafnframt var formaður, Ómar Einarsson, sviðsstjóri á íþrótt- og tómstundasviði Reykjavíkurborgar og Guðrún Ragnarsdóttir, ráðgjafi hjá Strategíu. Ráðgjafarfyrtækið Intellecta sinnti utanumhaldi og stuðningi við hæfnisnefndina.

Ráðgefandi hæfnisnefndin mat Lóu Birnu Birgisdóttur hæfasta af umsækjendum til að gegna starfi sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfis en hún er með kandidatefni í vinnusálfræði frá Árósháskóla, og með BA í sálfræði frá Háskóla Íslands. Lóa Birna hefur gegnt ábyrgðarstöðum á sviði mannauðsmála hjá Reykjavíkurborg samfellt frá árinu 2005, meðal annars í 12 ár sem mannauðsstjóri á velferðarsviði, og sem nefndarmaður í samninganefnd borgarinnar í sjö ár. Þar áður vann hún í 3 ár sem verkefnastjóri innan félagsþjónustu Reykjavíkurborgar. Gert er ráð fyrir því að Lóa Birna taki stöðu sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs þann 1. júní nk. Þegar nýtt skipurit Reykjavíkurborgar tekur gildi og nýtt mannauðs- og starfsumhverfissvið tekur til starfa.

Meðfylgjandi eru greinargerðir hæfnisnefndarinnar til borgarráðs, þau gögn sem bárust frá umsækjendum sem og þau gögn sem urðu til í ráðningarferlinu hjá hæfnisnefndinni. Þá eru

hjálagðar reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður, dags. 24. janúar 2019, erindisbréf ráðgefandi hæfnisnefndar og áætlun um ráðningarferil sem fór fyrir borgarráð þann 7. mars 2019.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Gögn umsækjenda um starf stöðu sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar.

Fundargerðir hæfnisnefndar.

Fyrri greinargerð hæfnisnefndar til borgarráðs dags. 29. apríl 2019.

Loka greinargerð hæfnisnefndar til borgarráðs, dags. 3. maí 2019.

Fyrsta mat hæfnisnefndar á umsóknum.

Viðtalsrammi.

Mat hæfnisnefndar eftir fyrsta viðtal.

Umsagnir umsagnaraðila.

Reglur borgarráðs um ráðningar í æðstu stjórnunarstöður, dags. 24. janúar 2019.

Erindisbréf ráðgefandi hæfnisnefndar, dags. 8. mars 2019

Áætlun um ráðningarferil, dags. 7. mars 2019.